



Ásthildur Jónsdóttir, sýningarstjóri LÁN, og Harpa Rut Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri barnamenningar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fjalla um heiminn í heild

LÁN, Listrænt ákall til náttúrunnar: Samsýning 15 leik- og grunnskóla í Reykjavík, dreifir sér um tvö listasöfn og eitt menningarhús og er hluti af Barnamenningarhátíð.

**M**ér er ekki kunnugt um að haldin hafi verið stærri sýning á verkum barna hér á landi, né að viðtækara samstarf hafi átt sér stað milli vísinda- og listafólks og barna,“ segir Harpa Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri barnamenningar hjá borginni, um samsýninguna LÁN. Sú er í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi, á Kjarvalsstöðum og í Borgarbókasafninu – Menningarhúsi, Spönginni í Grafarvogi. Auk þess er sýning í tengslum við hana í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg sem er búin að standa síðan fyrr í vetur.

Átta hundruð börn á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur fjalla um mál-efni náttúrunnar á skapandi hátt á sýningunni. Áður höfðu þau notið fræðslu vísindamanna á borð við Magnús Tuma Guðmundsson og Sævar Helga Bragason og leiðsagnar um 30 listamanna, auk kennara í leikskólum og grunnskólum borgarinnar.

„Börnin hafa verið að læra um sjálfbærni og í verkunum sínum eru þau að fást við flókin og stór mál eins og að fara vel með jörðina og heiminn í heild. Hugmyndir sínar útfæra börnin undir handleiðslu listafólksins og kennaranna og



Tveir af þátttakendum sýningarinnar. Annar er aðeins að lagfæra gíginn!

eru frekar að finna lausnir en að velta sér upp úr vandamálum. Það er svo fallegt. Listrænn stjórnandi verkefnisins og sýningarstjóri er Ásthildur Jónsdóttir, fræðimaður og myndlistarmaður. Hún réð listafólkið til starfa og kom sjálf með góðar hugmyndir,“ lýsir Harpa Rut.

Sýningin LÁN er opin fram á næsta sunnudag, 25. apríl. „Börn fá að sýna í þessum virtu húsum okkar á Barna-

menningarhátíð Reykjavíkur,“ útskýrir Harpa Rut. „En þó sýningin standi stutt hefur undirbúningur og verkefnið í kringum hana verið lærdómur fyrir þau,“ segir hún og bætir við að frítt sé á sýninguna fyrir fullorðna í fylgd með börnum.

Barnamenningarhátíð Reykjavíkur er með nýju sniði í ár og stendur frá 20. apríl til 14. júní. [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)